ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

SÝNIEINTAK
má ekki fjarlægja

Hæðarmælingar Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins frá Reykjavík til Selfoss 1992

Unnið fyrir Landmælingar Íslands

Gunnar Þorbergsson (OS)
Guðmundur H. Vigfússon (OS)
Jón S. Erlingsson (V.r.)

OS-93057/VOD-10 B Nóvember 1993

ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

VEGAGERÐIN

Hæðarmælingar Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins frá Reykjavík til Selfoss 1992

Unnið fyrir Landmælingar Íslands

Gunnar Þorbergsson (OS)
Guðmundur H. Vigfússon (OS)
Jón S. Erlingsson (V.r.)

OS-93057/VOD-10 B Nóvember 1993

EFNISYFIRLIT

	Bls.
TÖFLUSKRÁ	4
MYNDASKRÁ	4
1 INNGANGUR	5
2 PUNKTAVAL, MERKING OG LÝSING	5
3 ÞYNGDARMÆLINGAR	7
4 FALLMÆLINGAR	9
4.1 Mælingar Orkustofnunar	9
4.2 Mælingar Vegagerðar ríkisins	10
4.3 Samanburður á afköstum	10
5 ÚRVINNSLA OG NIÐURSTÖÐUR	11
5.1 Vignal-hæðir	11
5.2 Aðferð minnstu kvaðrata	11
5.3 Gefnar stærðir	13
5.4 Útreikningar	13
5.5 Prófun niðurstaðna	16
5.6 Niðurstöður	17
HEIMILDIR	18
VIÐAUKI: Fastmerkjalýsingar	23

TÖFLUSKRÁ

		Bls.
1	Þyngdarálestrar Reykjavík–Selfoss 1992	7
2	Þyngdargildi Reykjavík–Selfoss 1992	8
3	Summa kvaðrata leiðréttinga í fallmældri línu	12
4	Hæðir fastmerkja í Reykjavík	13
5	Sýnishorn af færslum í mælibók	13
6	Sýnishorn af fallmæliskrá	13
7	Sýnishorn af gögnum frá NA2000	14
8	Upplýsingar varðandi línuhluta Orkustofnunar	14
9	Upplýsingar varðandi línuhluta Vegagerðar ríkisins	14
10	Línur um Hellisheiði og Þrengsli	16
11	Hæðir hnútpunkta	16
12	Niðurstöður fallmælinga	19

MYNDASKRÁ

1	Fallmælingar frá Reykjavík til Selfoss 1992	6

1. INNGANGUR

Sumarið 1992 fallmældu Vegagerð ríkisins og Orkustofnun frá fastmerkjum í hæðarneti Reykjavíkur yfir Hellisheiði og um Þrengsli að Hveragerði og áfram til Selfoss. Tilefni mælinganna var "Tilraunaverkefni um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og landfræðilegs upplýsingakerfis", enda liggja mælilínur að mestu um svæðið sem kortleggja á í sambandi við það verkefni.

Verkið var samvinnuverkefni Landmælinga Íslands, Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar og Hitaveitu Reykjavíkur. Vegagerð ríkisins kostaði sínar mælingar að fullu, Hitaveita Reykjavíkur að hálfu mælingar um Svínahraun og Hellisheiði að Hengladalsvegi, en Landmælingar Íslands og Orkustofnun afganginn.

Mælingar Orkustofnunar, með hefðbundnum mælitækjum, stóðu með töfum mestan hluta ágústmánaðar og fram í miðjan september, en mælingar Vegagerðar ríkisins, sem framkvæmdar voru með sjálflesandi tækjum, hófust í annarri viku septembermánaðar og stóðu fram í október. Orkustofnun sá um þyngdarmælingar í öllum mælilínum.

Við úrvinnslu mælinganna eru notaðar upplýsingar um meðalsjávarborð í Reykjavík, sem aflað hefur verið á vegum Sjómælinga Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Raunvísindastofnunar Háskólans, og er meðalsjávarborð fyrir árið 1990 notað sem núllpunktur í nýju hæðarkerfi, sem hér er nefnt landshæðarkerfi.

Við athugun á samræmi mælinga fram og aftur milli fastmerkja fannst ekki munur á álestrarnákvæmni sjálflesandi tækjanna og hinna hefðbundnu, en afköstin eru tvöföld.

Ósamræmi milli mælinga yfir Hellisheiði annars vegar og um Þrengsli hins vegar var 15 mm, sem er óeðlilega mikið. Vera má að orsakanna sé að leita í hreyfingum lands, því að skjálftahrinur mældust á Suðurlandi á meðan á fallmælingunum stóð.

2. PUNKTAVAL, MERKING OG LÝSING

Orkustofnun og Vegagerð ríkisins skiptu með sér verkum eins og fram kemur á mynd 1 og eftirfarandi lýsingu: Í fyrsta lagi átti Orkustofnun að mæla frá merki OS-7078 í Svínahrauni að OS-HH15 við mót hringvegar og vegar að Kolviðarhóli, og yfir Hellisheiði að OS-HH01 við afleggjara til norðurs að Hengladalsá. Í þessari línu, sem Orkustofnun hefur mælt nokkrum sinnum áður til að fylgjast með hreyfingum lands, var nóg til fyrir af fastmerkjum.

Í öðru lagi átti Orkustofnun að mæla áfram til austurs með hringveginum til Selfoss. Á þessum kafla þurfti að setja ný merki og fengu þau nöfn í númeraröð frá OS-HH50 til OS-HH75. Ákveðið var að fara gamla veginn niður Kamba (OS-HH52 til OS-HH59), með hringveginum austur að Kögunarhóli, með gömlum vegi undir Ingólfsfjalli (OS-HH69 til OS-HH72) og þaðan suður til Selfoss.

Merki 56/300 og 66/701 eru í hæðarneti Reykjavíkur og hæðir þeirra eru nú þekktar í landshæðarkerfi. Vegagerð ríkisins mældi annars vegar frá þessum merkjum með hringveginum og áfram í merki OS-7078 í Svínahrauni, en hins vegar frá merki OS-HH15 að Þrengslavegi og eftir honum og með þjóðvegi 38 að merkjum Vr1223 og OS-HH62 við Hveragerði. Langflest merkin í þessum línum Vegagerðar ríkisins eru ný. Það tók tvo menn fimm daga að setja niður merki Vegagerðarinnar.

Nýju merkin eru bolti og skjöldur með ártali og númeri. Kambjárn með áfastri, stuttri stiku eru við flest merkin, þau sem ekki eru nálægt mannvirkjum. Lýsingar merkjanna fylgja sem viðauki við skýrslu þessa. Ljósmyndir af merkjunum í línum Orkustofnunar eru geymdar þar. Merkin og lýsingarnar eru í samræmi við ályktanir starfshóps um landmælingar á vegum Umhverfisráðuneytis. Merkin eru sýnd á mynd 1 og þau, sem þyngdarmælt var í, auðkennd sérstaklega.



MYND 1 Fallmælingar frá Reykjavík til Selfoss 1992

3. ÞYNGDARMÆLINGAR

Á fjórum dögum haustið 1992 var mælt með þyngdarmæli Jarðhitadeildar, LaCoste & Romberg G−445, í allmörgum fastmerkjum í fallmælilínum milli Reykjavíkur og Selfoss. Mælinetið var tengt við OS-5451 á Skólavörðuholti, 04 í grunnstöðvaneti fyrir þyngdarmælingar.

Þyngdarmælirinn var í notkun á Jarðhitadeild, en hægt að fá hann að láni um helgar. Óeðlilega mikið rek reyndist vera í mælinum milli mæliferða og var hann sendur til viðgerðar veturinn eftir. Niðurstöður mælinganna eru þó fyllilega nógu nákvæmar til að nota við leiðréttingu fallmælinga.

Álestrar á þyngdarmælinn eru í töflu 1. Þar táknar fyrsta lína upphaf mæliferðar og inniheldur númer hennar. Næstu þrjár línur eru athugasemdir fyrir mannsaugað, fimmta línan gefur dagsetningu fyrir mæliferðina (fyrrum endurtekin með hverjum álestri) og loks eru línur með álestrunum sjálfum: nafn stöðvar, athugasemd (t. d. merkir * viðmiðunarstöð fyrir mæliferðina), tími og álestur.

Við úrvinnslu er tölvuforritið **gravos** notað við að vinna úr mælingum í einni mæliferð í senn. Forritið notar tækistöflu við að breyta álestrum í milligal, leiðréttir þá vegna áhrifa þyngdarsviða tungls og sólar, notar endurmælingar í sumum stöðvum (á heimleið) og reiknar með línulegu reki (breyting álesturs með tíma) við að finna þyngd í mælistöðvum eftir aðferð minnstu kvaðrata.

Úttak frá forriti **gravos** er notað sem inntak fyrir forritið **gnet** til að reikna endanleg þyngdargildi í stöðvum, ef mælt er í sömu stöð, annarri en viðmiðunarstöð, í fleiri en einni mæliferð, eins og gert var í þetta sinn. Niðurstöður mælinganna eru gefnar í töflu 2. Nánari lýsingu á úrvinnslu þyngdarmælinga er að finna í skýrslum Orkustofnunar um þyngdarmælingar (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1984, 1990, 1993).

Tafla 1 Þyngdarálestrar Reykjavík-Selfoss 1992

```
!!9201
! Hellisheiði - Kambar
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS  1992.09.15
HH15 * 1046,5611.98,,
HH10   1113,5595.47,,
HH03   1128,5596.71,,
HH52   1143,5606.49,,
HH54   1155,5612.04,,
HH55   1205,5614.50,,
HH57   1219,5628.06,,
HH59   1230,5644.19,,
HH60   1245,5656.12,,
HH60   1358,5656.05,,
HH59   1410,5644.24,,
HH54   1428,5612.03,,
HH03   1443,5596.69,,
HH15 * 1500,5612.12,,
!!9202
! Svínahraun
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS  1992.09.15
2424 * 1533,5621.67,,
HH22   1559,5619.99,,
HH19   1621,5617.72,,
HH15   1633,5612.11,,
2424 * 1647,5621.67,,
!!9203
! Reykjavík - Selfoss
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS 1992.10.08
5451 * 1055,5671.06,,
300    1145,5654.19,,
2424   1202,5621.76,,
HH15   1217,5612.21,,
HH52   1231,5606.57,,
HH59   1240,5644.37,,
1223   1250,5661.64,,
HH69   1304,5662.02,,
FM-H2  1316,5668.39,,
FM-H2  1422,5668.41,,
HH69   1434,5662.02,,
1223   1448,5661.66,,
HH59   1457,5644.39,,
HH52   1507,5606.60,,
HH15   1522,5612.27,,
2424   1536,5621.81,,
300    1552,5654.23,,
5451 * 1617,5671.09,,
```

```
!!9204
! Hveragerði - Selfoss
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS  1992.10.18
1223 * 1139,5689.28,,
HH64   1158,5689.15,,
P210S  1219,5693.94,,
HH67   1233,5693.63,,
HH69   1243,5689.60,,
HH72   1258,5684.85,,
FM-H2  1315,5695.98,,
FM-H2  1412,5695.96,,
HH69   1425,5689.58,,
HH67   1437,5693.64,,
HH64   1448,5689.15,,
1223 * 1458,5689.23,,
!!9205
! Þrengsli
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS  1992.10.24
HH15 * 1140,5640.88,,
2417   1156,5640.88,,
2420   1212,5640.34,,
1111   1226,5640.53,,
1114   1239,5652.58,,
1117   1253,5658.45,,
1120   1305,5672.10,,
1123   1316,5688.58,,
171    1326,5692.34,,
1219   1338,5691.64,,
1221   1348,5692.00,,
1223   1401,5690.32,,
1223   1458,5690.30,,
1221   1508,5692.02,,
1123   1523,5688.60,,
1120   1533,5672.14,,
2417   1601,5640.90,,
HH15 * 1613,5640.90,,
!!9206
! Hólmsá - Svínahraun
! Mælt: GÞ
! Tæki: LCRG445
!DAGS  1992.11.05
300  * 0957,5682.85,,
704    1011,5681.28,,
3616   1023,5671.64,,
3613   1038,5662.85,,
3611   1054,5661.68,,
2424   1112,5650.35,,
2424   1201,5650.34,,
3613   1216,5662.83,,
3616   1228,5671.61,,
300  * 1240,5682.80,,
```

Tafla 2 Þyngdargildi Reykjavík – Selfoss 1992

Norðlæg breidd (°)	Austlæg lengd (°)	Hæð (m.y.s)	Nafn punkts	Þyngd (mgal)	Grunn-stöð
64.14251	-21.92779	36.84	OS5451	982258.785	04
64.09214	-21.70450	89.90	56/300	982241.11	04
64.08268	-21.67319	95.17	66/704	982239.49	04
63.93837	-21.00380	16.52	FM-H2	982255.98	04
64.02130	-21.31303	350.51	OS-HH03	982180.96	04
64.02157	-21.38669	351.89	OS-HH10	982179.69	04
64.02583	-21.41584	267.48	OS-HH15	982197.08	04
64.04148	-21.40403	256.47	OS-HH19	982202.95	04
64.05495	-21.44054	256.21	OS-HH22	982205.33	04
64.01298	-21.25760	301.69	OS-HH52	982191.19	04
64.00646	-21.24976	269.64	OS-HH54	982197.04	04
64.00468	-21.24190	246.24	OS-HH55	982199.64	04
64.00820	-21.23155	184.74	OS-HH57	982213.85	04
64.00456	-21.22353	110.43	OS-HH59	982230.79	04
64.00083	-21.21508	56.38	OS-HH60	982243.23	04
63.98332	-21.15628	23.85	OS-HH64	982248.82	04
63.95733	-21.10567	34.47	OS-HH67	982253.52	04
63.95925	-21.07390	49.41	OS-HH69	982249.29	04
63.95848	-21.02569	65.08	OS-HH72	982244.30	04
63.98966	-21.46389	266.57	Vr1111	982196.72	04
63.96513	-21.45512	215.64	Vr1114	982209.35	04
63.94968	-21.41253	198.01	Vr1117	982215.51	04
63.93130	-21.39166	131.75	Vr1120	982229.83	04
63.92772	-21.36104	47.58	Vr1123	982247.10	04
63.96283	-21.25926	13.01	Vr1219	982250.31	04
63.97675	-21.23271	13.80	Vr1221	982250.69	04
63.99293	-21.19167	25.76	Vr1223	982248.91	04
63.93153	-21.32123	14.23	Vr171	982251.04	04
64.02626	-21.44524	278.15	Vr2417	982197.08	04
64.01016	-21.45632	268.45	Vr2420	982196.52	04
64.05793	-21.50051	233.52	Vr2424	982207.09	04
64.06023	-21.54939	179.99	Vr3611	982218.95	04
64.06903	-21.60114	174.27	Vr3613	982220.18	04
64.07564	-21.64642	135.39	Vr3616	982229.39	04
63.96230	-21.12429	25.63	VrP210S	982253.83	04

Lega stöðva var lesin af korti. Hæðir í töflunni eru nándargildi.
Grunnstöð 04: Reiknað frá grunnstöð OS5451 með þyngdarviðmiðun IGSN71/V85.

4. FALLMÆLINGAR

Eins og áður segir, mældi Orkustofnun með hefðbundnum tækjum, en Vegagerð ríkisins með nýjum sjálflesandi tækjum, sem miklar vonir eru bundnar við. Það er því fróðlegt að bera saman þessar tvær aðferðir við fallmælingarnar og afköstin við þær.

4.1 Mælingar Orkustofnunar

Þrír menn voru við mælingarnar og höfðu bíl til umráða. Ekið var frá Reykjavík að morgni, ef talið var að veður leyfði mælingar, og valinn staður í mælilínum með tilliti til vindáttar og veðurs.

Ef vindur var þvert á mælilínu var stundum hægt að nota bílinn til að skýla mælitækinu. Stangarmenn óku þá bílnum til skiptis milli staða, þar sem tækinu var stillt upp. Sólskinsdaga varð að gera hlé á mælingum um miðjan dag og var þá ekið á næsta matsölustað, en oftast var hægt að byrja aftur eftir 2–3 klukkustundir.

Mælt var með fallmæli Wild-Na2 með hliðrunarplötu fyrir 5 mm kvörðun og notaðar tvær 3 m langar invarstangir frá Zeiss með 5 mm kvörðun.

Þegar bil milli fastmerkja er mælt í fyrra sinn, stikar mælingamaður fjarlægð frá stöng í bakmiði, stillir tækinu upp, les fjarlægð til stangar í bakmiði, og síðan til stangar í frammiði áður en staður fyrir hana er endanlega valinn. Stangarmaður í frammiði getur þannig fengið að vita hvað hann þarf að færa sig til að sigtilengdir séu jafnlangar með meters nákvæmni.

Mælingamaðurinn stillir lárétta strikið í þráðkrossinum á mitt 5 mm bil á stöng í bakmiði (ekki mót tveggja bila), les töluna við bilið og að auki tölur úr sjónpípu, sem gefa til kynna hliðrun sigtilínunnar (míkrómeter) og skráir í mælibók álestrana í einingum, sem eru 1/20 úr millimetra. Þetta er endurtekið fyrir frammið.

Bil milli fastmerkja er mælt samdægurs fram og til baka og endurmælt, ef mismunur mælinga fer yfir $0,8\,n^{1/2}$ mm, þar sem n er fjöldi uppstillinga í bilinu (þetta eru um 3,2 mm í eins kílómetra löngu bili). Sigtilínur eru um 30 m og endurmælingar eru afar fátíðar.

Mælingamenn Orkustofnunar hafa löngum fallmælt utan vega, og nota þá óvenjulegu aðferð, sem þó er ekki einsdæmi, að reka skrúfjárn í jörð og stilla stöng á það í stað járnkrabba, eins og venjulegra er.

Skrúfjárnið er skilið eftir og notað aftur við mælingu á bakaleið. Þá er það sami stangarmaður, en nú með hina stöngina, sem stillir upp. Þessu er komið til leiðar með því að nota regluna »þegar snúið er við, skipta stangarmennirnir um stangir, en ekki um punkta«.

Með þessari aðferð hverfur núllpunktsskekkja stanganna, þegar reiknað er meðaltal mælinga fram og aftur milli fastmerkja. (Önnur aðferð, sem sennilega er algengari, er að stilla svo til að fjöldi uppstillinga í bili milli fastmerkja sé slétt tala, þannig að sömu stöng sé alltaf stillt á fastmerki).

Þegar skrúfjárn eru skilin eftir og notuð á bakaleið, og staðurinn þar sem tæki var stillt upp er einnig merktur, er fljótlegra að mæla bilið til baka, þar sem ekki fer tími í að mæla fjarlægðir. (Ef mælingamaður villist á stað, þannig að munur er á sigtilengdum í bakmiði og frammiði, verður hann var við það með því að stöngin í frammiði er ekki í fókus, þegar hann beinir tækinu að henni).

Annar kostur við þessa aðferð er að á bakaleið er sigtað á sem næst sama stað (± 10 cm) á stöng og í fyrra skiptið, en nú er það hin stöngin, sem sigtað er á. Þar sem mældur hæðarmunur milli fastmerkja er reiknaður sem meðaltal mælinga fram og aftur, er því hægt að hugsa sér að alltaf sé notuð sama stöngin, og að leiðréttingarkúrva fyrir hana sé meðaltal leiðréttingarkúrva stanganna tveggja.

4.2 Mælingar Vegagerðar ríkisins

Þrír menn voru við mælingarnar og höfðu bíl til umráða. Ekið var frá Reykjavík að morgni, ef veður leyfði mælingar, og valinn staður í mælilínum með tilliti til veðurs. Ef vindstyrkur fór yfir u. þ. b. 3 vindstig var ekki hægt að mæla vegna titrings í tæki og stöngum, sem þó eru með stífum til að halda stöngunum lóðréttum.

Mælt var með nýjum fallmæli frá Leica, Wild NA2000† með sjálfvirkum álestri og skráningu, og notaðar voru tvær 3 m langar invarstangir‡ frá Leica með strikamerkingu á kvarða. Með stöngunum fylgdi leiðréttingaformúla.

Áður en mælingar hófust var útbúinn 60 m langur snærisspotti með lykkju á báðum endum. Spottinn var síðan kvarðaður þannig að miðjan á spottanum var merkt með svörtum plastflipa, 15 m og 45 m með rauðum flipa, 20 m og 40 m með hvítum flipa og 10 m og 50 m með grænum flipa.

Að morgni mælidags var tækið núllstillt. Stöngunum var stillt upp með 45 m millibili og tækinu í línunni milli þeirra, 15 m frá annarri stönginni, 30 m frá hinni. Tækið var látið lesa á báðar stangirnar, og síðan var það flutt um 15 m og aftur látið lesa á báðar stangirnar. Þá núllstillti tækið sig sjálft og hægt var að sjá hversu stór breytingin var frá síðustu núllstillingu.

Við upphaf mælingar fór stangarmaður með annan endann á spottanum að fastmerki, og hinn stangarmaðurinn fór með hinn endann 60 m frá fastmerkinu (fjarlægð fór eftir aðstæðum), og mælingamaður stillti tæki upp við 30 m flipann (eða mitt á milli stanganna). Mælingamaður og stangarmenn merktu staðina þannig að hægt var að finna þá á bakaleiðinni.

Þegar búið er að mæla á stöng í bakmiði, leggur sá stangarmaður af stað, og þegar hann fer hjá stangarmanni í frammiði, tekur hann enda spottans og gengur þar til strekkist á spottanum og stillir þar upp, og mælingamaður stillir þá tækinu upp mitt á milli stanganna. Með þessari aðferð eru sigtilengdir jafn langar með vel innann við 1 m nákvæmni og mælingamaður og stangarmaður geta stillt upp án tafar.

Við upphaf mælingar setur mælingamaður inn í tækið punktnúmer og hæð upphafspunkts (í þessum mælingum var hæð sett inn sem 0,000), stangarnúmer,vegnúmer og hitastig. Síðan er þráðkrossinn stilltur (lárétt) á miðja stöng, ýtt á einn takka, og eftir 4-5 sek birtist álestur í glugga og tækið skráir í minniskubb (64k) álesturinn, fjarlægð og útreiknaða hæð fyrir skiptipunkt. Að dagsverki loknu er kubburinn settur í lesara (Wild GIF10), sem tengdur er við PC tölvu og gögnin færð í tölvuna.

Bil milli fastmerkja er mælt samdægurs fram og til baka og endurmælt ef mismunur mælinga fer yfir $0{,}8\,n^{1/2}$ mm, þar sem n er fjöldi uppstillinga í bilinu (þetta eru um 3,2 mm á kílómetra). Sigtilínur eru aldrei lengri en 30 m og endurmælingar eru afar fátíðar. Stangarmenn V.r. stilla stöngunum yfirleitt á þar til gerða járnkrabba.

4.3 Samanburður á afköstum

Afköst við mælingar Orkustofnunar voru mismunandi eftir veðri og landslagi, eða 1,0−2,8 km/dag. Ef mæling í Kömbum er undan skilin, eru meðalafköst 1,7 km/dag.

Meðalafköst við mælingar Vegagerðar ríkisins reyndust 3,6 km/dag eða tvöfalt meiri.

---

† Vegagerð ríkisins hefur nú fest kaup á Wild NA3000 sem er nákvæmara og heldur fullkomnara tæki. Verð þess með lesara, hleðslutæki, kapli, minniskubbi og aukarafhlöðum var í febrúar 1993 kr. 436.000 með virðisaukaskatti.

‡ Verð stanganna með kassa og stoða án kassa var í september 1992 kr. 495.000 með virðisaukaskatti.

5. ÚRVINNSLA OG NIÐURSTÖÐUR

5.1 Vignal-hæðir

Eftirfarandi lýsing miðast við að forrit **nivel** og **level**, sem til eru á Orkustofnun, séu notuð við hæðarútreikninga.

Þyngdargildi eru þekkt í nokkrum fastmerkjum í fallmældri línu og forrit **nivel** finnur þyngdargildi fyrir hin merkin með brúun (interpólasjón). Auk mældrar þyngdar, g, í fastmerki þarf að nota normalþyngd, γ, sem er fræðilegt þyngdargildi við sjávarmál undir merkinu. Forritið reiknar það samkvæmt alþjóðlegum staðli (Moritz 1980).

Gengið er út frá hæðinni h_0 í punkti P_0 með þyngd g_0 og normalþyngd γ_0. Til að reikna Vignal-hæðir í punktum í fallmældri línu út frá P_0 eru notaðar formúlurnar

$$C_0 = h_0\,(\gamma_0 - 0{,}1543\,h_0)$$

$$C_j = C_i + n_{ij}\,(g_i + g_j)/2$$

$$h_j = \frac{C_j}{\gamma_j - 0{,}1543\,h'_j}$$

þar sem g_j er þyngd og γ_j normalþyngd í punkti P_j, sem er næstur á eftir P_i (með þyngd g_i) í línunni, n_{ij} er mæld hæðarauknin milli punkta P_i og P_j, h_j er Vignal-hæð í punkti P_j og h'_j er nándargildi fyrir þá hæð. Þessar formúlur eru notaðar í forriti **nivel** umritaðar þannig, að áhrif þyngdar á hæðarmun í hverju mældu bili koma fram.

Í fyrstu eru hæðir punkta í línum milli hnútpunkta í neti reiknaðar með forriti **nivel**, og þá gengið út frá gefinni hæð í öðrum enda og hæðin í hinum endanum reiknuð. Þannig fæst hæðarmunur milli hnútpunkta, og er litið á hann sem mælda stærð, þegar skekkjum í mælinetinu er jafnað með aðferð minnstu kvaðrata í forriti **level**. Að því loknu er forrit **nivel** notað aftur, og nú til að reikna endanlegar hæðir fastmerkja í fallmældum línum milli hnútpunkta með þekktum hæðum.

5.2 Aðferð minnstu kvaðrata

Almenna formúlan í töflu 3 hefur hagnýtt gildi þegar reiknað er út úr hefðbundnum fallmælingum, þar sem mælingamaðurinn skráir ekki sigtilengdir, og vægi mælinga miðast við fjölda uppstillinga. Við bendum hér á hversu auðvelt er að leiða formúluna út frá fyrstu forsendum.

Fyrst er ein uppstilling skoðuð og sambandið milli hæðar skiptipunkts í baksigti, álestrar á hann, leiðréttingar og hæðar sigtilínu skrifað niður. Önnur jafna fyrir mótsvarandi stærðir í framsigti er skrifuð niður. Kvaðratsumma leiðréttinganna tveggja er fundin og hæð sigtilínu einangruð.† Leiðréttingarnar eru jafnstórar með mótsettu formerki.

Næst er mæling aðra leið milli tveggja fastmerkja skoðuð, hæð millipunkts einangruð† og þannig fundin jafna, sem sýnir að allar leiðréttingar eru jafnstórar (en með mismunandi formerki eftir því hvort álestur er í baksigti eða framsigti). Þær eru því heildarleiðrétting í öllu bilinu milli fastmerkjanna deild með tvöföldum fjölda uppstillinga. Summan af kvaðrötum leiðréttinganna er því

$$(h_0 + \Sigma b - \Sigma f - h_1)^2 / (2n).$$

Kvaðratsumman af leiðréttingum mælinga fram og aftur í einu bili milli fastmerkja er umrituð samkvæmt formúlunni

$$x^2 + y^2 = (x-y)^2/2 + (x+y)^2/2$$

og fæst þá niðurstaða í samræmi við formúluna í töflu 3, ef $m = 1$.

Loks eru hæðir fastmerkja inni í fallmældri línu einangraðar‡, ein og ein í einu, til að fá formúluna í töflu 3.

---

† Ef stærðin x kemur aðeins fyrir í tveimur liðum í kvaðratsummu $S = \ldots + (x-a)^2 + (x-b)^2 + \ldots$, þá verður $S = \ldots + (a-b)^2/2 + \ldots$ minnst, ef $x = (a+b)/2$.

‡ Ef stærðin x kemur aðeins fyrir í tveimur liðum í summu $S = \ldots + p_1\,(x-a)^2 + p_2\,(x-b)^2 + \ldots$, þá verður $S = \ldots + p_1\,p_2\,(a-b)^2/(p_1+p_2) + \ldots$ minnst, ef $x = (p_1\,a + p_2\,b)/(p_1+p_2)$.

Tafla 3 Summa kvaðrata leiðréttinga í fallmældri línu

Mælt er frá merki með þekktri hæð	h_0
um m-1 merki með óþekktum hæðum	$h_1, h_2, \ldots, h_{m-1}$
og endað í merki með hæð	h_m
(sem getur verið þekkt eða óþekkt).	
Fjöldi uppstillinga í bilunum m er	$n_1, n_2, \ldots, n_m$
Mælt er fram og aftur í öllum bilunum	
og er meðaltal mælinga fram og aftur	$\Lambda_1, \Lambda_2, \ldots, \Lambda_m$
og mismunur (gap) mælinganna	$\Delta_1, \Delta_2, \ldots, \Delta_m$
Heildarfjöldi álestra er	$4\,(n_1 + n_2 + \ldots + n_m)$
Summa kvaðrata leiðréttinga	
fyrir álestra í öllum m bilunum er	$\Sigma_H = \Sigma_0 + \Sigma_D$
þar sem	$\Sigma_0 = \frac{\Delta_1\Delta_1}{4\,n_1} + \frac{\Delta_2\Delta_2}{4\,n_2} + \ldots + \frac{\Delta_m\Delta_m}{4\,n_m}$
og	$\Sigma_D = \frac{(h_m - h_0 - \Lambda_1 - \Lambda_2 - \ldots - \Lambda_m)^2}{n_1 + n_2 + \ldots + n_m}$
Ef hæð endapunkts er óþekkt, er	$\Sigma_D = 0$
og fjöldi aukamælinga (frítala) er	$f_0 = m$
Þá gildir fyrir hæð endapunkts	$h_m = h_0 + \Lambda_1 + \Lambda_2 + \ldots + \Lambda_m$
Meðalskekkja álestrar (mælingar	
með vogtölu einn) er	$s_0 = \sqrt{\frac{\Sigma_0}{m}}$
Ef hæð endapunkts er þekkt, er	
fjöldi aukamælinga (frítala)	$f_H = m + 1$
Það gildir t. d. ef mæld er lykkja	
og er þá hæð endapunktsins	$h_m = h_0$
og þá gildir	$\Sigma_D = \frac{(\Lambda_1 + \Lambda_2 + \ldots + \Lambda_m)^2}{n_1 + n_2 + \ldots + n_m}$
Þá er meðalskekkja álestrar	
reiknuð samkvæmt formúlunni	$s_H = \sqrt{\frac{\Sigma_0 + \Sigma_D}{m + 1}}$

5.3 Gefnar stærðir

Í skýrslu Ólafs Guðmundssonar og Páls Einarssonar um úrvinnslu sjávarborðsmælinga í Reykjavík árin 1956–1989 (handrit 1993) segir að lína, sem best falli að gögnunum sé $H(t) = 2{,}183 + 0{,}0034\ (\text{ártal} - 1973)$ þar sem H(t) er meðalsjávarhæð í Reykjavík í metrum miðað við núllpunkt Sjómælinga Íslands. Einnig eru eftirfarandi hæðir með sömu viðmiðun gefnar í skýrslunni:

Núllpunktur hæðarkerfis Reykjavíkur	1,822 m
Meðalsjávarborð í Reykjavík 1980	2,207 m
Meðalsjávarborð í Reykjavík 1990	2,241 m

Samkvæmt þessu þarf að draga 0,419 m frá hæðartölum í hæðarkerfi Reykjavíkur til að fá hæðartölur í landshæðarkerfi, ef meðalsjávarborð í Reykjavík árið 1990 er valið sem núllpunktur þess kerfis.

Tafla 4 Hæðir fastmerkja í Reykjavík

Fastmerki	Hæð í kerfi Reykjavíkur	Hæð í landshæðarkerfi	Athugasemd
56/300	(90,3155)	89,8965	SA við Geitháls
66/701	(92,5472)	92,1282	Hólmsárbrú
66/703 66/704 66/705	Hæðir ekki til í Reykjavíkurkerfi		

Mælingamenn Vegagerðar ríkisins mældu sumarið 1992 frá fastmerki 56/300 gegnum nokkur fleiri fastmerki Reykjavíkurborgar, og eru þau talin í töflu 4. Hæðartölur merkjanna í hæðarkerfi Reykjavíkur eru teknar úr skýrslu Mælingadeildar Reykjavíkurborgar (Gatnamálastjóri 1993). Hæðir merkjanna í landshæðarkerfi eru fengnar með því að draga 0,419 m frá þeim tölum.

Við frekari úrvinnslu er litið á tölur í þriðja dálki í töflu 4 sem gefnar stærðir. Meðalsjávarborð í Reykjavík árið 1990 er þar með notað sem núllpunktur landshæðarkerfis.

5.4 Útreikningar

Fallmælingar Orkustofnunar voru skráðar í mælibækur og er sýnishorn af færslum, ein blaðsíða úr mælibók, í töflu 5.

Tafla 5 Sýnishorn af færslum í mælibók

23/7 92		
	120209	*218518*
HH16	*19693*	
		24074
	30246	
		30139
	18606	
-98309		*31228*
	25692	
		22637
	08516	
		51293
	17456	
HH17		*59147*
HH17	*59207*	
		17520
	51100	
		08328
	110307	*25848*

Mæld hæðaraukning milli fastmerkja HH16 og HH17 er mismunurinn á summu bakmiða í öðrum dálki (120209) og summu frammiða í þriðja dálki (218518). Sú tala (-98309) er skráð á viðeigandi stað í fallmæliskrá, eins og sýnt er í töflu 6.

Tafla 6 Sýnishorn af fallmæliskrá

Svínahraun
1992/1 GHV/GHV
0.0500012

OS7078	OS-HH15	280668		85
OS7078	55302	-55349	47	14
OS-HH22	65031	-65070	39	12
OS-HH21	8864	-8891	27	6
NE-074	-34016	34017	1	4
NE-025	-80237	80211	26	6
OS-HH20	45357	-45381	24	12
OS-HH19	14810	-14843	33	9
OS-HH18	120910	-120915	5	12
OS-HH17	98300	-98309	9	6
OS-HH16	-13756	13759	3	4
OS-HH15				
—				

Tafla 7 Sýnishorn af gögnum frá NA2000

! VEGAGERÐ RÍKISINS, REYJAVÍK. Vegnúmer : 401-01
! MÆLINGADEILD. Dagsetning: 02.09.1992
! Hallamæling. Gert af : JSE HB SBR
! Hiti: 5 Stangir : 62,63
! 705,701,703,704,602,3616,3615,3614,3613,3612,3611,3610,3609,2424,2423,2422,2421,7078

!	Stöð	Hæð	Aftur	Milli	Fram	Fjarl.
62	705	0.0000				
62	705		0.4982			30.28
	1	-0.6098			1.1080	30.12
	1		1.9537			30.67
	2	0.8819			0.4620	29.94
	2		1.5981			30.36
	3	0.7383			1.7417	30.27
	3		1.6361			30.30
	4	0.9288			1.4456	30.31
	4		1.5533			28.32
63	701	0.7580			1.7241	29.34

Tafla 8 Upplýsingar varðandi línuhluta Orkustofnunar

Frá merki til merkis	OS7078 OS-HH15	OS-HH15 OS-HH07	OS-HH07 OS-HH55	OS-HH55 OS-HH62	OS-HH62 OS-HH67	OS-HH67 FM-H2	Öll línan
Lengd línu (km)	5,5	3,5	7	3,5	6,5	6	32
Fjöldi uppstillinga	85	63	113	99	104	117	581
Meðalsigtilengd (m)	32	28	31	18	31	26	27,5
Mæld hæðaraukning án leiðr. (m)	14,0	100,2	-121,4	-215,0	3,2	-17,9	-236,9
Línuleg leiðr. kvarða (mm)	+1	+3	-4	-7	0	-1	-8
Ekki-línuleg leiðr. (mm)		0,7	-0,7	-0,6			-0,6
Áhrif hita (mm)	0	-1	+1	+2	0	0	+2
Þyngdaráhrif (mm)	+2	+5	-6	-10	0	-1	-10
Fjöldi mælidaga	2,5	2	2,5	3,5	5,5	4	20

Tafla 9 Upplýsingar varðandi línuhluta Vegagerðar ríkisins

Frá merki til merkis	56/300 OS-7078	OS-HH15 Vr1123	Vr1123 Vr3170	Vr1123 OS-HH62	Öll línan
Lengd línu (km)	13	15	2	11	41
Fjöldi uppstillinga	242	299	36	218	795
Meðalsigtilengd (m)	27	25	28	25	26
Mæld hæðaraukning án leiðr. (m)	+163,6	-219,9	-9,1	-16,3	-72,7
Þyngdaráhrif (mm)	+8	-11	0	-1	-4
Leiðrétting Remmers ($\eta = 0{,}5\ 10^{-7}$) mm	+6	-6	0	-1	-1
Fjöldi mælidaga	5	3,5	0,5	2,5	11,5

Fallmæliskrá, eins og hún er sýnd í töflu 6, er notuð sem inntak fyrir forrit **nivel**. Dæmi um úttak er á bls. 20. Í fyrstu línu í skránni er fyrirsögn, venjulega nafn mælisvæðis, í annarri línu ártal og númer mælibókar, fangamark mælingamanns og fangamark þess, sem færir skrána.

Í þriðju línu er margföldunarstuðull, sem er margfeldi þriggja stærða: 0,05 til að breyta einingu invarkvarðanna (1/20 mm) í mm, 1,000032, sem er línulegur leiðréttingarstuðull kvarðanna við 20° C og $1 + \alpha(T - 20)$, sem eru áhrif hita. α er hitaþanstuðull ($\alpha = 1{,}0\,10^{-6}$) og T er hitastig kvarðanna í ° C. Í fjórðu línu eru nöfn endapunkta línunnar, mæld hæðaraukning milli þeirra og fjöldi uppstillinga í allri línunni.

Í fimmtu og næstu línum töflunnar eru færslur fyrir mælingar milli fastmerkja. Merkið, sem mælt er frá, er í fyrsta dálki línu og merkið, sem mælt er til er í fyrsta dálki í næstu línu á eftir. Í öðrum dálki er mæld hæðaraukning (í 1/20 mm), í þriðja dálki er mæld hæðaraukning á bakaleið, í fjórða dálki er mismunur mælinganna, og í fimmta dálki fjöldi uppstillinga.

Tafla 7 sýnir gögnin úr NA2000 eftir að þau hafa verið flutt út tækinu í tölvu með þar til gerðum lesara, GIF10, og formála bætt framan við. Formálinn skýrir sig sjálfur, en gögnin eru í sex dálkum, sem innihalda númer stangar, númer fastmerkis eða millipunkts, álestur í bakmiði, álestur í millimiði ef einhver er, álestur í frammiði og lengd sigtilínu.

Til að samræma úrvinnslu mælinga Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins voru öll gögnin, einnig frá NA2000, færð í fallmæliskrár eins og í töflu 6. Forrit **nivel** var fyrst notað til að reikna út úr mælingum Orkustofnunar sér, og Vegagerðar ríkisins sér, en þyngdarmælingar Orkustofnunar notaðar við hvort tveggja. (Þá fást tvær mismunandi hæðir á punkti OS-HH62 við Hveragerði, eins og rætt verður síðar).

Tafla 8 inniheldur upplýsingar um línuhluta Orkustofnunar. Veturinn 1991–92 voru invarstangir Orkustofnunar sendar til Svíþjóðar til að fá leiðréttingartöflur, sem voru svo notaðar til að reikna línulegan leiðréttingarstuðul, sem gildir við 20° C.

Til að prófa hversu vel mætti nálgast töflurnar með því að nota línulega leiðréttingarstuðulinn í stað þeirra, voru allir álestrar í bilum frá OS-HH15 til OS-HH62 (yfir Hellisheiði og niður Kamba) settir í tölvu og leiðréttingartöflurnar sjálfar notaðar annars vegar en línulegi stuðullinn hins vegar. Mismunurinn er nefndur »ekki-línulegar« leiðréttingar í töflu 8. Þær voru álitnar nægilega smáar til að sleppa þeim við frekari útreikninga.

Áhrif hita eru sýnd í töflu 8. Ekki var talið ráðlegt að reyna að leiðrétta einstaka álestra eða stutta línuhluta sérstaklega, heldur var fundinn veginn meðalhiti með hæðarmun í einstökum bilum sem vogtölu, og meðalhitinn svo notaður fyrir t. d. alla mælinguna yfir Hellisheiði og niður Kamba. Bæði eru áhrif hitans lítil, og einnig var hitastig fremur stöðugt þann tíma sem mælt var.

Tafla 9 inniheldur upplýsingar varðandi línuhluta Vegagerðar ríkisins. Kvarðaleiðréttingar og leiðréttingar vegna hita voru reiknaðar fyrir einstaka álestra hjá Vegagerð ríkisins áður en mæliniðurstöður eru færðar í fallmæliskrá. Þær eru ekki sýndar í töflunni. En við höfum reiknað leiðréttingu Remmers til fróðleiks (Remmer 1984), án þess að nota hana við útreikning hæða. (Ætlast er til að stuðullinn η sé reiknaður sem óþekkt stærð við jöfnun á skekkjum í hæðarneti, en hugsanlega verður hægt að nota reynslutölu, sem háð er loftslagi, fyrir η, þegar fram líða stundir).

Í töflu 10 eru niðurstöður varðandi mælingar, þar sem Orkustofnun og Vegagerð ríkisins mæla sama hæðarmuninn (OS-HH15 til OS-HH62) eftir tveimur mismunandi leiðum, annars vegar yfir Hellisheiði og niður Kamba og hins vegar um Þrengslaveg og Þorlákshafnarveg.

Tafla 10 Línur um Hellisheiði og Þrengsli

	Mælingar OS	Mælingar Vr
Lengd (km)	14	28
Fjöldi bila	33	35
Fjöldi uppstillinga	275	517
Mældur hæðarmunur með leiðréttingum (m)	-236,2281	-236,2435
Leiðrétting vegna gaps (m)	-0,0053	+0,0101
Jafnaður hæðarmunur (m)	-236,2334	
Meðalskekkja álestrar í bilum (mm)	0,1389	0,1668
Meðalskekkja álestrar í línum (mm)	0,1674	
Meðalskekkja álestrar í neti (mm)	0,5472	

Ef hnútpunktur í fallmældu neti hefur hæðina h, þá kemur h fyrir í kvaðratsummum leiðréttinga þeirra lína, sem að punktinum liggja $S = \ldots + \Sigma_i (h_i + \Lambda_i - h)^2/n_i + \ldots$ (sjá töflu 3), þar sem h_i er hæð hnútpunkts, Λ_i er mæld hæðaraukning (með leiðréttingum vegna kvarðaskekkju, hita og þyngdar) frá h_i til h og n_i er fjöldi uppstillinga í allri línunni frá h_i til h (talinn við mælingu aðra leið). Við einangrum † h og fáum

$$h = \frac{\Sigma_i (h_i + \Lambda_i)/n_i}{\Sigma_i 1/n_i}$$

Að fastmerki OS-HH62 liggja tvær línur frá OS-HH15 og jafnaður hæðarmunur reiknast $(-236{,}2281 \times 517 - 236{,}2435 \times 275)/792 = -236{,}2334$ og leiðréttingarnar nema því $-5{,}3$ mm og $+10{,}1$ mm.

† $\Sigma_i p_i (x - a_i)^2 = \Sigma_i p_i ((x - \mu) + (\mu - a_i))^2 = (x - \mu)^2 \Sigma_i p_i + 0 + \Sigma_i p_i (\mu - a_i)^2$ er minnst þegar $x = \mu = \Sigma_i p_i a_i / \Sigma_i p_i$.

Við jöfnun mæliskekkja í hæðarneti, t. d. með forriti **level**, er ekki tekið tillit til mismunar á mælingum fram og til baka milli fastmerkja. Stærðin Σ_D í töflu 3 er því tákn fyrir kvaðratsummu leiðréttinga í línu milli hnútpunkta, þegar hæðarneti er jafnað á venjulegan hátt.

Notaður er tvímældur hæðarmunur (leiðréttur vegna kvarðaskekkju, hitastigs og þyngdar) milli hnútpunkta í netinu og vogtala fyrir hann. (Í stað vogtölu er hægt að gefa upp lengd línu eða fjölda uppstillinga og láta forritið reikna vogtöluna).

Við notum forrit **level** og fáum meðalskekkju álestrar 0,5472 mm og eftirfarandi hæðir og meðalskekkjur hnútpunkta:

Tafla 11 Hæðir hnútpunkta

16,5036	±0,015	FM-H2
267,4900	±0,010	OS-HH15
31,2566	±0,012	OS-HH62
253,4550	±0,009	OS7078
47,5867	±0,012	Vr1123

5.5 Prófun niðurstaðna

Niðurstöðurnar er nú unnt að prófa tölfræðilega. Fyrst athugum við hvort marktækur munur sé á nákvæmni mælinga Vegagerðar ríkisins og Orkustofnunar (sjá töflu 10)
$(s_{Vr}/s_{OS})^2 = (0{,}1668/0{,}1389)^2 = 1{,}44 < 1{,}79 = F_{35,33;0,95}$.

Munurinn er því ekki marktækur og við getum reiknað með að meðalskekkja álestrar sé $s_0 = 0{,}1539$ mm í samræmi við formúluna $(m_{OS} + m_{Vr}) s_0^2 = m_{OS} s_{OS}^2 + m_{Vr} s_{Vr}^2$.

Næst skoðum við línuna frá OS-HH62 yfir Hellisheiði, um Þrengsli og Þorlákshafnarveg að Hveragerði, með fjölda álestra 792, meðalskekkju álestrar 0,1539 mm og frítölu 68, og prófum þá tilgátu að endapunkturinn á línunni sé hinn sami og upphafspunkturinn $15{,}4^2/(0{,}1539^2\, 792) > 3{,}98 = F_{1,68;0,95}$.

Tilgátan stenst ekki, en það þarf ekki að koma á óvart. Vitað er að s_0, reiknað samkvæmt mótsögnum við mælingar fram og aftur »í bilum« milli fastmerkja, er ekki fullnægjandi mælikvarði á nákvæmni í fallmælingu, þó að oft sé ekki völ á öðrum betri (Niemeier 1984).

Meðalskekkja álestrar »í línum« er reiknuð samkvæmt formúlunni í töflu 3, þegar gert er ráð fyrir að upphafspunktur og endapunktur línunnar falli saman, og við fáum þá að $s_0 = 0,1674$ mm. (Þetta svarar til 0,67 mm meðalskekkju hæðarmunar í eins kílómetra langri línu). En þó við notum þessa tölu fyrir meðalskekkju álestrar, er hæðarmismunurinn 15 mm óeðlilega stór.

$\sqrt{15,4^2/792} = 0,5472$ mm er meðalskekkja álestrar »í neti« og svarar til 2,2 mm meðalskekkju mælds hæðarmunar í eins kílómetra langri línu.

Ef við gæfum okkur að lokum að meðalskekkja álestrar væri þekkt og hefði gildið 1 mm/km$^{1/2}$, þá mætti mismunur á mældum hæðum (leiðréttum m. a. með tilliti til þyngdar) endapunkta 42 km langrar lykkju mest vera $42^{1/2}\,1,96 = 12,7$ mm, án þess að munurinn teldist marktækur. Einnig í þessu tilviki er 15 mm mismunur of stór.

5.6 Niðurstöður

Við nákvæmnisfallmælingar er ýmsum aðferðum beitt, bæði við mælingar og úrvinnslu, til að reyna að útiloka reglubundnar skekkjur (Augath 1986). Úrvinnsluaðferðirnar eru fæstar nothæfar í litlu neti, nánast einstökum línum, eins og mælt var 1992. Við verðum því að notast við hefðbundnar aðferðir við úrvinnsluna.

Áður var minnst á að samræmi mælinga fram og aftur milli fastmerkja er ófullnægjandi mælikvarði á nákvæmni mælinganna. Meðalskekkja reiknuð við jöfnun skekkja í hæðarneti, sem stafar af ósamræmi við lokun lykkja í netinu, er venjulega betri mælikvarði á nákvæmnina. En í netinu, sem mælt var 1992, er aðeins ein lykkja, svo að meðalskekkja reiknuð á þennan hátt er einnig slakur mælikvarði á nákvæmnina.

Við höfðum sett okkur það markmið að nákvæmni fallmælinganna yrði 1 mm/km$^{1/2}$. Mismunur mælinganna um Hellisheiði og Þrengsli hefði þá mátt vera tæpir 13 mm, án þess að teljast marktækur, en hann reyndist 15 mm. Nákvæmni mælinganna virðist því vera nokkru lakari en við gerðum okkur vonir um, en hæðarbreytingar lands á meðan á mælingunum stóð koma einnig til álita sem skýring á misræminu.

Að kveldi 1. október hófst jarðskjálftahrina í Hellisheiði og Skálafelli og mældist stærsti skjálftinn 2,5 stig. Fréttir af skjálftunum komu í útvarpi. Mælingamenn Vegagerðarinnar áttu þá eftir að mæla með Þorlákshafnarvegi, en mælingum Orkustofnunar til Selfoss var lokið.

Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands urðu einnig smáskjálftar á Hengilsvæði (stærsti skjálfti 2 stig), í Ölfusi og undir Ingólfsfjalli á meðan á mælingunum stóð. En ekki er hægt að fullyrða, út frá niðurstöðum fallmælinganna, að hæðarbreytingar lands hafi orðið samfara skjálftunum.

Áður hefur komið fram í þessari skýrslu að ekki er marktækur munur á nákvæmni mælinganna, annars vegar með hefðbundnum aðferðum, og hins vegar með sjálflesandi tækjum, en afköst eru tvöföld með sjálflesandi tækjum eða 3,6 km/dag.

Eftir útreikninga þá, sem áður er lýst, eru hæðir fastmerkja OS-HH15 og OS-HH62 (og fleiri hnútpunkta í netinu) þekktar ásamt hæðum merkjanna í Reykjavíkurneti. Forritið **nivel** er notað til að reikna hæðir annarra fastmerkja og niðurstöður eru í töflu 12 á bls. 19-22. Fastmerkjalýsingar eru í viðauka á bls. 23–72.

HEIMILDIR

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon, Ásgeir Gunnarsson, Gunnar V. Johnsen, Axel Björnsson 1984: *Landmælingar og þyngdarmælingar á Hengilsvæði 1982 og 1983.* Orkustofnun, OS-84003/VOD-03 B, 58 s.

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon, Guðmundur Pálmason 1990: *Þyngdarmæligögn og þyngdarkort af Íslandi.* Orkustofnun, OS-90001/JHD-01, 50 s. og kort.

Gunnar Thorbergsson, Ingvar Thór Magnússon, Gudmundur Pálmason 1993: *Gravity data and a gravity map of Iceland.* Orkustofnun, OS-93027/JHD-07, 38 s og kort. (Þýðing á fyrri skýrslu).

Moritz, H. 1980: Geodetic reference System 1980. *Bulletin Géodésique, 54 no3:* 395–405.

Ólafur Guðmundsson, Páll Einarsson 1993: Skýrsla um úrvinnslu sjávarhæðamælinga í Reykjavík 1956–1989. Úrdráttur úr handriti í *Tilraunaverkefni um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og landfræðilegs upplýsingakerfis. Lokaskýrsla vinnuhóps við landmælingar.* Reykjavík 1993.

Gatnamálastjóri 1993: *Hæðarmerki í Reykjavík.* Útbúið eftir þörfum af Mælingadeild Reykjavíkurborgar.

Ole Remmer: Refraction and other systematic effects in levelling – í H. Pelzer and W. Niemeier (Editors): *Precise Levelling.* Dummler. Bonn 1984.

Wolfgang Niemeier: Some aspects of the theory of errors in levelling networks – í H. Pelzer and W. Niemeier (Editors): *Precise Levelling.* Dummler. Bonn 1984.

Wolfgang Augath: Höhennetze – í Hans Pelzer: *Geodätische Netze in Landes– und Ingenieurvermessung II.* Konrad Wittwer. Stuttgart 1985.

Tafla 12 Niðurstöður fallmælinga

VEGAGERÐ RÍKISINS — FALLMÆLINGAR

Mælingadeild — Blað: 1

1993.11.02 GÞ — Mælt: JSE — Fært: JSE — Forrit: GÞ

Mælisvæði/Frumgögn Kvörðun/Summur	Mælt fram	Mælt aftur	Gap	Ups.	Leiðrétting (m) (þyngd)	(gap)	Aukning (m)	Nafn merkis	Hæð (m.y.s.)
Hólmsá - Svínahraun									
1992 JSE/JSE 62&63	22303	-22311	8	9	.0001*	.0000	2.2308	56/300	89.8970
0.1000000 1635508 242	16316	-16326	10	20	.0002	.0000	1.6323	66/701	92.1278
* merkir þyngdarmælingu	14073	-14075	2	3	.0000*	.0000	1.4074	66/703	93.7600
	30534	-30534	0	8	.0005	.0000	3.0539	66/704	95.1674
	371690	-371696	6	25	.0015*	.0000	37.1707	Vr60-4	98.2213
	112913	-112913	0	11	.0005	.0000	11.2918	Vr3616	135.3920
	251145	-251127	18	20	.0010	.0000	25.1145	Vr3615	146.6838
	24791	-24802	11	11	.0005*	.0000	2.4802	Vr3614	171.7984
	11266	-11260	6	23	.0002	.0000	1.1265	Vr3613	174.2785
	45909	-45885	24	24	.0002*	.0000	4.5899	Vr3612	175.4050
	263523	-263503	20	16	.0012	.0000	26.3524	Vr3611	179.9949
	213312	-213309	3	12	.0009	.0000	21.3319	Vr3610	206.3473
	58444	-58438	6	13	.0009*	.0000	5.8450	Vr3609	227.6792
	92100	-92116	16	15	.0000	.0000	9.2108	Vr2424	233.5242
	63715	-63742	27	15	.0000	.0000	6.3728	Vr2423	242.7350
	31417	-31391	26	13	.0000	.0000	3.1404	Vr2422	249.1078
	12066	-12070	4	4	.0000	.0000	1.2068	Vr2421	252.2482
								OS7078	253.4550
	-7580	7580	0	5	.0000	.0000	-.7580	66/701	92.1278
								66/705	91.3698
	2701	-2702	1	1	.0000	.0000	.2702	Vr2423	242.7350
								LM3179	243.0052

Framhald töflu 12 er á næstu 3 síðum

ORKUSTOFNUN FALLMÆLINGAR

Vatnsorkudeild Blað: 2

1993.11.02 GÞ Mælt: GHV Fært: GHV Forrit: GÞ

Mælisvæði/Frumgögn Kvörðun/Summur	Mælt fram	Mælt aftur	Gap	Ups.	Leiðrétting (m) (þyngd)	 (gap)	Aukning (m)	Nafn merkis	Hæð (m.y.s.)
Svínahraun									
1992/1 GHV/GHV								OS7078	253.4550
0.0500012 280668 85	55302	-55349	47	14	.0000*	.0000	2.7663	OS-HH22	256.2213
* merkir þyngdarmælingu	65031	-65070	39	12	.0001*	.0000	3.2527	OS-HH21	259.4740
	8864	-8891	27	6	.0000	.0000	.4439	NE-074	259.9180
	-34016	34017	1	4	.0000	.0000	-1.7008	NE-025	258.2171
	-80237	80211	26	6	.0000	.0000	-4.0113	OS-HH20	254.2059
	45357	-45381	24	12	.0001*	.0000	2.2686	OS-HH19	256.4745
	14810	-14843	33	9	.0003*	.0000	.7416	OS-HH18	257.2161
	120910	-120915	5	12	.0004	.0000	6.0461	OS-HH17	263.2622
	98300	-98309	9	6	.0002	.0000	4.9155	OS-HH16	268.1778
	-13756	13759	3	4	.0001*	.0000	-.6878	OS-HH15	267.4900
Hellisheiði									
1992/1 GHV/GHV								OS-HH15	267.4900
0.0500012 -4724240 275	233303	-233302	1	5	.0007*	-.0001	11.6660	Vr706	279.1560
* merkir þyngdarmælingu	252643	-252641	2	5	.0007	-.0001	12.6330	OS-HH14	291.7890
	122680	-122686	6	3	.0004	-.0001	6.1346	VrP75S	297.9236
	97367	-97374	7	3	.0004	-.0001	4.8690	OS-HH13	302.7926
	248475	-248477	2	6	.0008	-.0001	12.4248	OS-HH12	315.2174
	540290	-540287	3	13	.0018	-.0002	27.0166	OS-HH11	342.2340
	193542	-193548	6	6	.0008*	-.0001	9.6782	OS-HH10	351.9122
	78940	-78944	4	7	.0000	-.0001	3.9470	OS-HH09	355.8592
	70693	-70706	13	7	.0000	-.0001	3.5349	OS-HH08	359.3942
	165242	-165257	15	8	.0000	-.0002	8.2625	OS-HH07	367.6567
	-46023	46018	5	10	.0000	-.0002	-2.3013	OS-HH06	365.3554
	-122351	122321	30	9	.0000	-.0002	-6.1171	OS-HH05	359.2382
	-89219	89209	10	10	.0000	-.0002	-4.4610	OS-HH04	354.7772
	-85089	85076	13	8	.0000*	-.0002	-4.2544	OS-HH03	350.5228
	-86023	86000	23	10	-.0007*	-.0002	-4.3015	OS-HH02	346.2213
	-238105	238084	21	10	-.0007	-.0002	-11.9059	OS-HH01	334.3155
	-162727	162728	1	8	-.0005	-.0002	-8.1372	OS-HH50	326.1782
	-89287	89250	37	10	-.0007	-.0002	-4.4644	OS-HH51	321.7138
	-400305	400266	39	10	-.0007*	-.0002	-20.0156	OS-HH52	301.6982
	-230372	230364	8	7	-.0007*	-.0001	-11.5195	OS-HH53	290.1787
	-410659	410649	10	12	-.0012*	-.0002	-20.5346	OS-HH54	269.6441
	-468033	468000	33	9	-.0014*	-.0002	-23.4029	OS-HH55	246.2412
	-533144	533144	0	10	-.0015*	-.0002	-26.6595	OS-HH56	219.5816
	-333178	333184	6	6	-.0009	-.0001	-16.6605	n56	202.92
	-363592	363591	1	7	-.0011*	-.0001	-18.1812	OS-HH57	184.7400
	-772913	772927	14	15	-.0019*	-.0003	-38.6491	OS-HH58	146.0908
	-414950	414939	11	8	-.0010	-.0002	-20.7489	n58	125.34
	-298505	298498	7	6	-.0008*	-.0001	-14.9263	OS-HH59	110.4157
	-649389	649372	17	12	-.0013*	-.0002	-32.4713	VrP160S	77.9443
	-431721	431718	3	10	-.0011*	-.0002	-21.5878	OS-HH60	56.3565
	-142160	142155	5	4	.0000	-.0001	-7.1081	VrP165S	49.2484
	-262529	262490	39	11	.0000	-.0002	-13.1260	OS-HH61	36.1224
	-97322	97298	24	10	.0000	-.0002	-4.8658	OS-HH62	31.2566
	397015	-397012	3	8	.0000	.0000	19.8512	OS-HH59	110.4157
	-251	259	8	1	.0000	.0000	-.0128	LM0305	130.2668
								plata	130.2541

VEGAGERÐ RÍKISINS FALLMÆLINGAR

Mælingadeild Blað: 3

1993.11.02 GÞ Mælt: JSE Fært: JSE Forrit: GÞ

Neðan Skíðaskála - Þrengslavegur

1992 JSE/JSE 62&63
0.1000000 -2198980 299
* merkir þyngdarmælingu

Mælisvæði/Frumgögn Kvörðun/Summur	Mælt fram	Mælt aftur	Gap	Ups.	Leiðrétting (m) (þyngd)	(gap)	Aukning (m)	Nafn merkis	Hæð (m.y.s.)
	-17503	17505	2	10	.0003*	.0002	-1.7500	OS-HH15	267.4900
	124163	-124157	6	16	.0004	.0003	12.4167	Vr2416	265.7400
	35867	-35848	19	13	-.0001*	.0003	3.5859	Vr2417	278.1568
	-66109	66102	7	14	-.0001	.0003	-6.6104	Vr2418	281.7427
	-66715	66728	13	13	-.0001	.0003	-6.6720	Vr2419	275.1323
	-137801	137814	13	12	.0001*	.0002	-13.7804	Vr2420	268.4603
	11399	-11389	10	13	.0001	.0003	1.1397	Vr1109	254.6799
	107656	-107654	2	15	.0001	.0003	10.7659	Vr1110	255.8196
	-172810	172824	14	17	-.0009*	.0003	-17.2823	Vr1111	266.5855
	-240511	240509	2	19	-.0010	.0004	-24.0517	Vr1112	249.3032
	-96031	96043	12	14	-.0008	.0003	-9.6042	Vr1113	225.2516
	-128647	128668	21	16	-.0003*	.0003	-12.8657	Vr1114	215.6474
	32934	-32909	25	19	-.0003	.0004	3.2922	Vr1115	202.7817
	-80513	80510	3	13	-.0002	.0003	-8.0511	Vr1116	206.0738
	-54986	54985	1	11	-.0009*	.0002	-5.4992	Vr1117	198.0227
	-116857	116860	3	8	-.0006	.0002	-11.6863	Vr34	192.5235
	-162539	162552	13	12	-.0010	.0002	-16.2553	Vr1118	180.8372
	-328223	328245	22	16	-.0013	.0003	-32.8244	Vr1119	164.5819
	-329556	329578	22	15	-.0014*	.0003	-32.9578	Vr1120	131.7575
	-330024	330038	14	18	-.0017	.0004	-33.0044	Vr1121	98.7997
	-182077	182072	5	15	-.0014	.0003	-18.2086	Vr1122	65.7953
								Vr1123	47.5867
	11528	-11524	4	6	.0000	.0000	1.1526	Vr1123	47.5867
	-104850	104858	8	17	.0000	.0000	-10.4854	Vr-ÞH3	48.7393
	1962	-1982	20	13	.0000	.0000	.1972	Vr1000	38.2539
								LM3170	38.4511

Þjóðvegur 38 að Hveragerði

1992 JSE/JSE 62&63
0.1000000 -163332 218
* merkir þyngdarmælingu

	-96574	96580	6	13	-.0006*	.0003	-9.6580	Vr1123	47.5867
	-185516	185536	20	16	-.0007	.0003	-18.5530	Vr1124	37.9287
	-51462	51460	2	6	-.0003*	.0001	-5.1462	Vr1125	19.3757
	-60472	60482	10	11	.0000	.0002	-6.0475	Vr171	14.2294
